



Myndræn kúlupyrping



Þegar þú lætur taka mynd af þér fyrir framan fallegan eða sögufrægan stað, gengur stundum fólk fyrir myndavélina og eyðileggur myndina. Stjörnufræðingar lentu líka í því þegar þeir tóku mynd af dvergvetrarbraut og kúlupyrping tróð sér inn á myndina.

Það er þó ekki hægt að segja að kúlupyrpingin hafi eyðilagt myndina því þessi fyrirbæri eru mjög falleg og áhugaverð. Kúlupyrping er safn gamalla stjarna sem hringisóla í einum hnappi umhverfis vetrarbraut. Í þeim eru mörg sérkennileg fyrirbæri, t.d. vampírústjörnur sem sjúga til sín efni frá nágranna sínum og smáar stjörnur sem snúast ótrúlega hratt. Á örfáum sekúndum snúast þær þúsund sinnum um sjálfar sig!

Þessi tiltekna kúlupyrping er á sveimi um Vetrarbrautina okkar. Þótt hún sé óralangt í burtu, er hún samt álíka stór á næturhimninum og fullt tungl. Ljósgeisli væri 120 ár að ferðast endanna á milli í þessari pyrpingu. Ekkert ferðast hraðar en ljósið svo pyrpingin er bersýnilega mjög stór. Hún er einmitt ein stærsta og bjartasta kúlupyrping sem við vitum um og sést með berum augum. Á suðurhveli jarðar sæirðu hana rétt hjá Litla Magellanskjúinu – dvergvetrarbrautinni sem stjörnufræðingarnir voru að ljósmynda.

Stjörnufræðingarnir geta notað myndina til að rannsaka pyrpinguna í smáatriðum. Þannig geta stjörnufræðingar áttað sig hvernig þessi sérkennilegi hópur framandi stjarna hefur myndast.

COOL FACT

Í kúlupyrpingunni er fjöldi fyrirbæra sem gefa frá sér röntgengeisla, sömu gerð ljóss og tannlæknirinn þinn notar til að skoða hvort tennurnar í þér séu skemmdar.

